

Sjálfsmat vegna könnunar á öryggi ytri vefja opinberra aðila

UPPLÝSINGAR UM VEFINN

	Stig
1. Hvaða upplýsingar eru hýstar á vefnum?	
a. Eingöngu almennar og opinberar upplýsingar sem allir hafa aðgang að?	1
b. Almennar upplýsingar en einnig upplýsingar um einstaklinga, s.s. nöfn, netföng eða aðrar upplýsingar, t.d. áskrifendur að fréttum?	3
c. Almennar upplýsingar en einnig viðkvæmar upplýsingar eins og greiðslukortanúmer, kennitölur, heilsufarsupplýsingar eða aðrar viðkvæmar persónuupplýsingar?	20
2. Hvaða þjónusta er veitt á vefnum?	
a. Einfaldur vefur, almenn upplýsingaveita.	1
b. Er birt efni sem sótt er á aðra vefi, svo sem RSS-fréttstraumar, efni frá Datamarket eða samfélagsmiðlum?	5
c. Geta notendur skráð sig á námskeið, sent inn beiðnir eða greitt fyrir þjónustu?	7
3. Hvernig er miðlun upplýsinga háttað	
a. Í gegnum vef eingöngu.	1
b. Í gegnum vef og snjallforrit (öpp).	5
4. Hversu oft er efni vefs uppfært?	
a. Mánaðarlega eða sjaldnar.	1
b. Vikulega.	5
c. Oftar en einu sinni í viku eða nokkrum sinnum í viku.	7
d. Daglega.	10
5. Hversu margir hafa aðgang að vefumsjónarkefinu?	
a. 1 til 5.	1
b. 6 til 10.	3
c. 11 til 20.	5
d. Fleiri en 20	7
6. Hversu lengi getur stofnun starfað án vefjarins án þess að það hafi meiri háttar áhrif eða óþægindi á starfsemi stofnunarinnar?	
a. Lengri tíma en viku.	1
b. Viku eða skemmri tíma.	5
c. Þrjá daga eða skemmri tíma.	10
d. Einn dag eða skemmri tíma.	14

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

	Einkunn
7. Hvernig er hýsing á vefnum háttað?	
a. Stofnunin sér sjálf um hýsing og rekstur á vefnum.	1
b. Vefurinn er hýstur hjá þjónustuaðila en stofnunin sér um að setja inn uppfærslur á vefkerfinu o.s.frv.	5
c. Vefurinn er hýstur hjá stofnun en þjónustuaðilinn sér um að setja inn uppfærslur á vefkerfinu o.s.frv.	5
d. Hýsing og rekstri er útvistað að öllu leyti.	8

8. Hvernig er vefumsjónarkerfið?	
a. Kerfið er þekkt lausn sem margir aðilar nota, t.d. Eplica eða Lisa.	1
b. Um er að ræða opinn hugbúnað eins og WordPress eða Drupal.	3
c. Um er að ræða sérsníðna lausn fyrir viðkomandi stofnun.	5
d. Blanda af ofangreindu.	8
9. Hvernig er innskráningu í vefumsjónarkerfi háttað (þetta má kanna hjá vefþjónustuaðila)?	
a. Notandanafn og krafa um sterkt lykilorð þar sem lykilorð er dulkóðað.	1
b. Notandanafn og krafa um sterkt lykilorð þar sem lykilorð er ekki dulkóðað.	8
c. Notandanafn og einfalt lykilorð.	14
10. Er aðgangur að vefumsjónarkerfinu leyfður utanhúss (yfir netið)?	
a. Nei.	1
b. Já.	5
11. Sækir vefurinn sjálfvirkt upplýsingar frá öðrum kerfum, t.d. með uppflettingum í gagnagrunna annarra stofnana?	
a. Engar tengingar við kerfi ytri aðila.	1
b. Tenging til staðar við eitt kerfi hjá ytri aðila, t.d. ef flett er upp á kennitölu í þjóðskrá til að sækja nafn og heimilisfang.	5
c. Tenging til staðar við fleiri en eitt kerfi hjá ytri aðila.	8
12. Tengist vefurinn við upplýsingakerfi stofnunarinnar?	
a. Engar tengingar við önnur kerfi.	1
b. Tenging við kerfi sem innihalda ekki viðkvæmar upplýsingar, t.d. ef dagatöl, listi yfir starfsfólk eða upplýsingar um atburði eru sóttar í sérstakan grunn og birtar á vef.	7
c. Tenging við kerfi sem innihalda viðkvæmar upplýsingar, t.d. viðskiptamannakerfi, fjárhags- og/eða skjalakerfi. Annað dæmi er ef fyllt er út umsókn á vef og hún rennur beint inn í skjalakerfi stofnunar.	20
13. Þurfa notendur að auðkenna sig?	
a. Notendur þurfa aldrei að auðkenna sig á vefnum.	1
b. Notendur geta þurft að auðkenna sig til að nálgast ákveðna þjónustu og auðkenningin fer fram í innskráningu Ísland.is.	3
c. Notendur geta þurft að auðkenna sig til að nálgast ákveðna þjónustu með notandanafni og lykilorði.	5
d. Annars konar auðkenning.	7
14. Er upplýsingatæknideild til staðar?	
a. Já, 1- 3 starfsmenn.	1
b. Já, 4- 10 starfsmenn.	1
c. Já, fleiri en 11 starfsmenn.	1
d. Já, en rekstri upplýsingatæknikerfa er útvistað að hluta.	5
e. Nei, rekstri upplýsingatæknikerfa er alfarið útvistað.	8

Lítill áhætta 14 - 35 stig
Miðlungs áhætta 36 - 58 stig
Mikil áhætta 59 stig +